

Samkomulag um aukna byggðafestu í Grímsey

Undirritaðir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 60 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðíarín 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024, í því skyni að treysta byggðafestu í Grímsey. Samningur þessi gerður á grundvelli 10. gr. a. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 m.s.br., umsóknar Hafborgar ehf og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 18. október 2019.

Aðilar að þessum samningi eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Hafborg ehf., kt. 610502-4310, Sjállandi, Grímsey (Útgerðin)

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í Grímsey. Í því skyni stefna samningsaðilar að öflugri útgerð í eynni til að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum við veiðar og afleidda starfsemi í Grímsey til lengri tíma og að draga sem mest úr óvissu um framtíð byggðarlagsins.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíarín 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðíárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn aflaheimilda sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Útgerðin skuldbindur sig til að viðhalda þeim störfum sem tilgreind eru í umsókn hennar

4.

Byggðastofnun leggur til 60 þorskígildistonna aflamark árlega á gjeldistíma samningsins. Fyrsta úthlutun fer fram í desember 2019 vegna fiskveiðíárranna 2018/2019 og 2019/2020 og verður því 120 þorskígildistonn en 60 þorskígildistonn á ári eftir það. Útgerðin áskilur sér allan rétt til þess að krefjast endurskoðunar á ákvörðun Byggðastofnunar um úthlutun aflamarks og bera hana undir ráðuneyti eða endurskoðun dómstóla, þrátt fyrir undirritun samnings þessa.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu helmil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið og þess sé gætt við endurskoðun að ekki hafi verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess í lok fiskveiðíársins á undan.

6.

Verði þær breytingar á högum útgerðarinna að hún geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Segi útgerðin sig frá samningnum, útgerð hætti starfsemi eða flytji úr Grímsey skal ónýtt aflamark renna aftur til Byggðastofnunar.

7.


Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans verið brotin. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða 10. gr. a. laga nr. 116/2006 skal útgerðin skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Akureyri 4. desember 2019


f.h. Byggðastofnunar


f.h. Hafborgar ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kennitala)

kt.

Halljörð Þorðadóttir 040461-3969.
kt.